

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, athafnasvæði við Sólheimaveg.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall og byggingarheimildir lóðar Borgargils 2 eru auknar í takt við aðrar lóðir innan svæðisins. Gerðar eru leiðréttingar sem taka til leyfilegs hámarksbyggingarmagns á lóðum Borgargils 18 og 20 auk þess sem áfangaskipting uppbyggingar er uppfærð. Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Borg í Grímsnesi, Hraunbraut 13-15 og Gamla-Borg.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að heimilað er raðhús í stað fjölbýlishúss á lóð Hraunbrautar 13-15 auk þess sem gert er ráð fyrir að íbúðir geti verið innan reits VP15 við Gömlu-Borg. Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. febrúar 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2024